

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes

kt. 550399-2299

FUNDARGERÐ

141. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Mánudaginn 6. febrúar 2017 kl: 16 var haldinn fundur hjá Heilbrigðisnefnd Vesturlands í stjórnsluhúsi Hvalfjarðarsveitar á Innri Mel.

Á fundinum voru:

Ingibjörg Valdimarsdóttir (IV), formaður

Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)

Sigrún Guðmundsdóttir (SG)

Trausti Gylfason (TG)

Ragnildur Sigurðardóttir (RS)

Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)

Á fundinum voru auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð. Eypór Garðarsson og varamaður hans komust ekki á fundinn. Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár.

1. Heimagisting – Ný reglugerð. Hver er staða mála?

Framkvæmdastjóri greindi frá helstu breytingum í nýju lagaumhverfi varðandi gististaði og nýja skilgreiningu á heimagistingu.

Talsverð óvissa ríkir í dag varðandi leyfisveitingar fyrir heimagistingu, m.a. vegna ummæla umhverfisráðherra sem lýsti því yfir í fjölmiðlum að fella ætti út starfsleyfi heilbrigðisnefndar fyrir heimagistingu.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að óska eftir upplýsingum frá umhverfisráðuneyti um hvernig eigi að ganga frá starfsleyfum fyrir heimagistingu í framhaldi af ummælum ráðherrans.

2. Tillaga HeV að starfsleyfi fyrir heimagistingu.

Lögð fram drög að starfsleyfisskilyrðum fyrir heimagistingu.

Starfsleyfisskilyrði og fyrirbyggjandi form samþykkt.

3. Samningur við Motus vegna innheimtu gjalda.- Frestað frá síðasta fundi.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að ganga frá nýjum samningi við Motus.

4. Skoðunarferð starfsmanna HeV þann 26. janúar s.l. í starfsstöðvar OR- Veitna á Akranesi.

Starfsmenn greindu frá skoðunarferð í starfsstöðvar OR-Veitna (hreinsistöð við Ægisbraut, aðveitustöð við Smiðjuvelli og hitaveitugeyma við Flóahverfi) í fylgd Gissurar Þ. Ágústssonar svæðisstjóra OR- Veitna á Vesturlandi.

5. Staða fráveitumála á Akranesi og í Borgarnesi.

Framkvæmdum við nýjar dælustöðvar og önnur fráveitumannvirki er að ljúka og stefnt er að því dælustöðvar verði teknar í notkun í vor. Lagt fram bréf Írisar Þórarinsdóttur, tæknistjóra fráveitu hjá OR, sem barst fyrir í dag um stöðu fráveitumála á Akranesi.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir viðræðum við HB-Granda hf um tímasetningar vegna uppsetningar á síubúnaði á útrásum hjá fyrirtækinu. Málinu að öðru leyti frestað.

6. Bréf, dags. 5. janúar og 26. janúar 2017, frá Salvöru Jónsdóttur f.h eigenda Melaleitis til Heilbrigðisnefndar um eftirlit með svínabúinu að Melum.

Framkvæmdastjóra falið að senda fyrirspurn til Matvælastofnunar (MAST) um meint salmonellasmít og fjölda dýra á svínabúi Stjörnugríss að Melum og óska m.a eftir skýringum vegna túlkunar MAST á eftirliti HeV með svínabúinu.

7. Olíudreifing ehf. Tillaga að starfsleyfi fyrir meðferð olíumengaðs jarðvegs við birgðastöð fyrirtækisins á Litla-Sandi, Hvalfjarðarsveit.

Samþykkt að auglýsa framlagða starfsleyfistillögu.

8. Arctic Protein ehf, Sólbakka 4, Borgarnesi- Nýtt starfsleyfi – ný staðsetning.

Samþykkt að auglýsa nýtt starfsleyfi sem tekur mið af fyrra starfsleyfi fyrirtækisins að Vallarási 7-9 í Borgarnesi.

9. Starfsleyfi

- Grunnskóli Borgarfjarðar Kleppjárnsreykjum- *Endurnýjun*
- Sundlaug og Íþróttahús Kleppjárnsreykjum- *Endurnýjun*
- Leikskólinn Ugluklettur Borgarnesi – *Endurnýjun*
- Leikskólinn Klettaborg Borgarnesi – *Endurnýjun*
- Loftorka Borgarnesi ehf. Engjaási 2, Borgarnesi – *Nýr rekstraraðili/ný kennitala.*
- Þróttur ehf. Förgun á asbestörum (Orka Náttúrunnar - ON). -*Tímabundið leyfi,*
- OR (Orkuveita Reykjavíkur). Tilrauna borun vinnsluholu á vatnstökusvæði í landi Steindórsstaða.
- Snyrtistofa Kristjönu. Hjallabrekku 8, Ólafsvík. – *Nýtt*
- Talþjálfun Vesturlands ehf. Meðferðarþjónusta Stekkjarholti 10, Akranesi. – *Nýtt*
- Grundargata 6, Grundarfirði. Íbúð á neðri hæð. Heimagisting 90 dagar. – *Breytt leyfi*
- Olíuverslun Íslands (Olís). Starfsleyfi fyrir 9900 lítra olíutank ofanjarðar á Vesturbraut 15 í Búðardal. *Tímabundið leyfi til 1. september 2018.*

Heilbrigðisnefndin staðfestir ofangreind starfsleyfi.

10. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitinga- og gististaða.

- Rafney ehf. Lesbókin Cafe Kirkjubraut 2, Akranesi, -Kaffihús.- *Nýr rekstraraðili.*
- Lágskógar ehf, Helluskógur 10, Jarðlangsstöðum, Borgarbyggð. Sumarhús- Gisting- *Nýtt*
- Skólastígur 28, Stykkishólmi. Íbúð- Gisting. - *Nýtt*
- Sævar SH243 ehf. Hamrahlið 9, Grundarfirði. Heimagisting. – *Nýtt.*
- BJG ehf, Skólastígur 7, Stykkishólmi. Íbúð- Gisting. – *Nýtt.*

Heilbrigðisnefndin staðfestir ofangreindar umsagnir.

11. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærileyfa.

- Félagsheimilið Dalabúð, Dalabyggð. Samkoma/kótilettukvöld Lionsklúbbs Búðardals 14.01.17
- Félagsheimilið Dalabúð, Dalabyggð. Þorrablót 21. 01.17 Ungmennafélagsins Ólafs Pá.
- Félagsheimilið Þinghamar, Varmalandi, Borgarbyggð. Samkoma Karlaórsins Söngbræðra 14.01.17
- Hjálmaklettur Borgarnesi, áramótadansleikur 31.12.16 og þrettándagleði 06.01.17. Körfuboltadeild Skallagríms.
- Félagsheimili Skugga Vindási. Þrettándagleði 07.01.17, Lionsklúbburinn Agla.
- Félagsheimilið Valfell, Borgarbyggð. Þorrablót 20.01.17.
- Félagsheimilið Brún, Borgarbyggð. Þorrablót 21.01.17

- Félagsheimilið Lyngbrekka. Þorrablót 27.01.17
- Íþróttahúsið Vesturgötu Akranesi. Þorrablót 21.01.17 Áhugamannafélag Club 71.
- Félagsheimilið Árblik, Dalabyggð. Þorrablót Suðurdala 04.02.2017
- Félagsheimilið Þinghamar, Borgarbyggð. Þorrablót Stafholtstungna 28.01.17
- Félagsheimilið Tjarnarlundi, Dalabyggð. Þorrablót Ungmennafélags Stjórnunnar, 28.01.17
- Félagsheimilið Lindartunga, Borgarbyggð. Þorrablót Ungmennafélags Eldborgar 03.02.17
- Félagsheimilið Logaland, Borgarbyggð. Þorrablót Ungmennafélags Reykdæla 04.02.17
- Félagsheimilið Staðarfell. Þorrablót 11.02.17
- Félagsheimilið Lýsuhóll. Þorrablót 18.02.17
- Hjálmaklettur, Borgarnesi. Þorrablót Körfuknattleiksdeildar Skallagríms 11.02.17
- Félagsheimilið Miðgarður, Hvalfjarðarsveit. Þorrablót Ungmennafélagsins Þrasta 18.02.17

Lagt fram

12. Brennuleyfi og skoteldasýningar.

- Brenna og skoteldasýning við Hvalsá Ólafsvík 06.1.17
- Brenna og skoteldasýning neðan við Búðarbraut, Búðardal 31. 12.16
- Skoteldasýning við áramótabrennu á Breiðinni, Snæfellsbæ 31.12.16
- Brenna við Innnesveg/Víðigrund á Akranesi 31.12.16
- Skoteldasýning á þrettándagleði í Englendingarvík 06.01.17
- Brenna á Kirkjuhóli Staðarsveit 31.12.16
- Brenna á Jaðarsbökkum, Akranesi 06.01.17

Lagt fram

13. Aðrar umsagnir

- Hvalfjarðarsveit, hafnarsvæði Grundartanga.** Umsögn send Skipulagsstofnun vegna fyrirspurnar um matskyldu framkvæmdar vegna útvíkkunnar á flæðigryfjum á hafnarsvæði við Grundartanga.
- Dalabyggð, Ólafsdalur.** Umsögn send byggingarfulltrúa Dalabyggðar vegna nýrra draga að deiliskipulagi og endurbættrar greinargerðar með deiliskipulagstillögu.
- Stykkishólmur, Vatnsás.** Umsögn send byggingarfulltrúa vegna teikninga af 4 ferðapjónustuhúsum á Vatnsási 10.
- Stykkishólmur.** Umsögn um breytt deiliskipulag miðbæjarreits við Frúarstíg send Skipulags- og byggingarfulltrúa.
- Stykkishólmur.** Umsögn vegna aðalskipulagsbreytingar við Reitarveg send Skipulags- og byggingarfulltrúar
- Stykkishólmur.** Umsögn um breytt deiliskipulag miðbæjarreits við Laufsásveg send Skipulags- og byggingarfulltrúa.

Lagt fram

14. Önnur mál

- Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands verður haldinn miðvikudaginn 29. mars 2017 í Borgarnesi.**
Stjórnarmönnum heimilt að mæta á fundinn.
- Fundur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlitssvæða HES 4. jan'17.**
Framkvæmdastjóri greindi frá umræður á fundinum.

-HB Grandi hf – fiskþurrkun. – Svar Umhverfis- og auðlindaráðuneyti dagsett 21. desember 2016
við erindi HeV frá 27. janúar 2016 um afgreiðslu ráðuneytis á undanþágu fyrir starfsemi fiskþurrkunar HB Granda á Akranesi. Mál frá 22. september 2015.

Lagt fram

- HB Grandi hf – fiskþurrkun Akranesi 2. febrúar 2017- . Framhald máls.

Fyrirtækið hefur ekki starfað síðan í apríl 2016 og samkvæmt nýjum upplýsingum frá rekstraraðila er starfseminni hætt um óákveðinn tíma. Öll áform um uppbyggingu á Breiðinni eru lögð til hliðar.

Lagt fram

-Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Úrskurður nr. 124/2016 um lóðahreinsun í Skútuhrauni í Hafnarfirði.

Lagt fram.

- Samráðsfundur OR með eftirlitsaðilum á Vesturlandi, Suðurlandi og Reykjavík 3. febrúar s.l í Reykjavík. Kynning á drögum á umhverfisskýrslu OR fyrir árið 2016.

Framkvæmdastjóri greindi frá fundinum. Nefndinni verður send umhverfisskýrslan þegar hún verður tilbúin.

-Heimasíðan komin upp. www.hev.is

Starfsmenn HeV greindu frá því að heimasíða HeV væri komin í gagnið.

Fundi slitið kl: 18:00

Næsti fundur áætlaður: mánudaginn, 27. mars 2017 á Akranesi.